



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Föstudaginn 8. september 2023 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 14:00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Erla María Lárusdóttir, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir, Arnar Ólafur Viggósson og Ólafur Þór Ólafsson staðgengill sveitarstjóra.

Oddviti stjórnæði fundi, staðgengill sveitarstjóra ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Útboð sorphirðu

Tekin var fyrir niðurstaða sameiginlegs útboðs um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs fyrir Húnaþingi vestra, Skagaströnd og Skagabyggð og helstu ábendingar ráðgjafa við framkomin tilboð. Greining á tilboðum stendur enn yfir.

Sveitarstjórn telur sér ekki unnt að taka afstöðu til framkominna tilboða innan frests, sem samkvæmt útboðsskilmálum er til 11. september n.k. Staðgengli sveitarstjóra er falið að óska eftir því við bjóðendur að þeir framlengi tilboð sín til 25. september, með vísan til 4. mgr. 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016.

#### 2. Ámundakinn - Beiðni um hlutafjáraukningu

Í erindi Ámundakinnar dags. 11. ágúst s.l. er leitað til hluthafa um að kaupa nýja hluti í Ámundakinn til að standa að endurbótum fasteignar félagsins.

Sveitarstjórn mun ekki auka hlutafé sitt að þessu sinni.

#### 3. Forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2024-2027

Lagt fram til kynningar minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga fyrir árin 2024 - 2027.

#### 4. Umboð vegna bankaviðskipta

Sveitarstjórn Skagastrandar tók fyrir, samþykkti samhljóða og undirritaði umboð til Ólafs Þórs Ólafssonar kt. 240659-2129, til þess að koma fram fyrir hönd Sveitarfélagsins Skagastrandar í viðskiptum við Landsbankann kt. 471008-0280.



## 5. Fundargerðir

### a. Stjórn Félags- og skólaþjónustu A. Hún. dags. 5. september 2023.

Fyrir fundinum lá fundargerð stjórnar Félags- og skólaþjónustu A-Hún frá 5. september 2023.

Undir 2. dagskrálið Láanasamningur, kemur fram samþykki stjórnar vegna lántöku til að fjármagna framkvæmdir á einni íbúð í Hnitbjörgum á Blönduósi og einni íbúð að Ægisgrund á Skagaströnd, sem samþykktar voru í fjárhagsáætlun 2023.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði, þurfa ábyrgðaraðilar sem eru sveitarfélögin Húnabyggð, Svf. Skagaströnd og Skagabyggð, að veita einfalda ábyrgð sína, í samræmi við eignarhlut, sbr. 2. mgr. 69. greinar sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og veðsetja enn fremur til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar samkvæmt heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga, nánar tiltekið framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og útsvarstekjur, sbr. einnig reglugerð um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélags nr. 835/2012.

Afgreiðsla sveitarstjórnar og staðfesting ábyrgðar:

Ákvörðun um að veita einfalda ábyrgð, veðsetningu í tekjum til tryggingar ábyrgð og veiting umboðs til að undirrita láanasamning og taka að sér þær skuldbindingar sem greinir í lánsamningi vegna láns Félags- og skólaþjónustu A-Hún frá Lánasjóði sveitarfélaga:

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Félags- og skólaþjónustu A- Hún hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 30.000.000,- með lokagjalddaga þann 20.febrúar 2039, í samræmi við skilmála að láanasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Nær samþykki sveitarstjórnar jafnframt til undirritunar láanasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir við húsnæði Félag- og skólaþjónustu A. Hún. sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Ólafi Þór Ólafssyni staðgengli sveitarstjóra, kt 240659-2129, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Sveitarfélagsins Skagastrandar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Bókun borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.



Að öðru leyti var fundargerð lögð fram til kynningar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.15:10

*Halldór G. Ólafsson*

Halldór Gunnar Ólafsson

*Erla María Lárusdóttir*

Erla María Lárusdóttir

*Arnar Ólafur Viggósson*

Arnar Ólafur Viggósson

*Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir*

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

*Péturina I. Jakobsdóttir*

Péturina Laufey Jakobsdóttir

*Ólafur Þór Ólafsson*